

Hnýfill ehf. hefur ákveðið í samráði við Matvælastofnun að innkalla taðreyktan silung og taðreykta bleikju með síðasta notkunardegi 28. Nóvember 2025. Ástæða innköllunar er að örveran *Listeria monocytogenes* greindist yfir mörkum í vörunum.

Þeir neytendur sem eiga vörur með síðasta notkunardegi 28. Nóvember eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga henni eða skila í verslun þar sem hún var keypt.

- Vöruheiti: taðreykt bleikja (vrn 6297) og taðreyktur silungur (vrn 6295)
- Framleiðandi: Hnýfill ehf
- Síðasti notkunardagur 28. Nóvember.
- Dreifing: Verslanir Samkaupa, Hagkaupa og Krónunnar
- Kælivara



Í flestum heilbrigðum einstaklingum veldur neysla á listeríumenguðum matvælum ekki sjúkdómi og hópsýkingar af völdum listeríu eru mjög sjaldgæfar.

Allar frekari upplýsingar veitir Einar Framkvæmdastjóri í síma 4621734